

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskóli Íslands (Eiríkur) Læknagarður (örverur)



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	3.4.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Háskóli Íslands (Eiríkur)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Vatnsmýrarvegur 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600169-2039	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Eiríkur Steingrímsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sigríður Klara Böðvarsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsemi Lífvísindaseturs Háskóla Íslands með starfstöð á 4. og 5. hæð í Læknagarði og á 2. hæð í vesturálmú Sturlugötu 8. Engin frávik voru frá starfsleyfi en þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

- 1.2 Umfang starfseminnar
 - 2.1 Skráning úrgangs
 - 2.2 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna
 - 2.3 Afmörkunarráðstafanir
 - 2.4 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan
 - 3.1 Öryggisráðstafanir
 - 3.2 Vinnudagbók
 - 4.3 Áhættumat og neyðaráætlun
- Skoðunarferð um viðeigandi svæði.

Eftirlitið hófst á 4. hæð Læknagarðs þar sem sest var niður með Sigríði Klöru Böðvarsdóttur, Árnýju Björg Ósvaldsdóttur og Gunnhildi Ástu Traustadóttur, og síðar Eiríki Steingrímssyni í húsnæði Lífvísindasetur að Sturlugötu 8. Farið var yfir ákvæði starfsleyfisins samkvæmt umfangi eftirlitsins.

Umfang starfseminnar er skv. gr. 1.2 í starfsleyfi og engar breytingar á döfinni.

Úrgangur sem kemst í snertingu við erfðabreyttar lífverur er dauðhreinsaður með gufusæfingu og síðan komið í ruslageymslu í kjallara byggingarinnar þaðan sem hann er sóttur af viðurkenndum aðila. Rannsóknastofur eru almennt snyrtilegar og verkferlar í gangi varðandi meðhöndlun úrgangs og spilliefna og afmörkunarráðstafanir. Aðgangsstýring er inn á rannsóknaganga á 4. og 5. hæð í Læknagarði og að Sturlugötu 8. Skilti er vara við hættu af líffræðilegum toga er þar sem við á og starfsfólk notar viðeigandi hlífðarfatnað.

Umsjónarmenn rannsóknastofanna leiddu skoðunarferð um rannsóknastofurnar. Ein ábending var gerð varðandi frágang á úrgangi frá rannsóknastofu, en í rannsóknastofu BL2 á 4. hæð Læknagarðs lá á gólfinu nokkuð mikið af pokum með úrgangi á leið í gufusæfingu. Skerpa þyrfti á verkferlum hvað þetta varðar þannig að pokar með úrgangi liggi ekki lengi áður en farið er með hann í gufusæfingu.

Vel er fylgst með tækjum og viðhald á þeim gott. Starfsfólk á rannsóknastofum er þjálfað af umsjónarmönnum eða reyndari starfsmönnum og eru skráningar um slíkt upp á vegg

Í Læknagarði. Að Sturlugötu 8 eru þessir verkferlar ekki til staðar. Í eftirliti Umhverfisstofnunar 2017 var rætt um verkferla við skráningu þjálfunar hjá starfsmönnum, t.d. að ef starfsmenn kvitti fyrir móttöku þjálfunar eða lestri vinnulýsinga þá taki þeir meiri ábyrgð á störfum sínum. Í eftirliti nú var skerpt á þessari umræðu frá fyrra eftirliti og að gott væri að til væru skráningar um þjálfun starfsmanna.

Verklag varðandi vinnudagbækur var almennt mjög gott. Í Læknagarði eru vinnudagbækur fyrir hverja rannsóknastofu og á Sturlugötu 8 hefur hver sína vinnudagbók.

Uppfærð viðbragðsáætlun var lögð fram í tengslum við eftirlit 2017, í eftirliti nú var bent á að uppfæra tengilið Umhverfisstofnunar þannig að í stað þess að vísað sé til ákveðins eftirlitsmanns Umhverfisstofnunar séu tilkynningum beint til Teymis mengunareftirlits og hægt sé að senda tilkynningar á á tölvupóst Umhverfisstofnunar ust@ust.is. Rekstraraðili hefur þegar uppfært áætlunina og sent afrit til stofnunarinnar.

Farið var í skoðunarferð um þau svæði þar sem unnið er með erfðabreyttar lífverur, aðstaða er snyrtileg og starfsemi í samræmi við starfsleyfi.

ÁBENDINGAR

1. Bæta má verkferla varðandi frágang á úrgangi á leið í gufusæfingu þannig þókar sem innihalda slíkan úrgang séu ekki látnir liggja ómeðhöndlaðir.
2. Skerpa má á skráningum varðandi þjálfun starfsmanna á rannsóknastofum.
3. Uppfæra þarf tengilið Umhverfisstofnunar í viðbragðsáætlun þannig að vísað sé í Teymi mengunareftirlits en ekki ákveðinn eftirlitsmann.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.04.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir